DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM HÓLSVIRKJUNAR II



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2016

FS625-12052

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Á forsíðumyndinni er horft til vesturs yfir Tungusporð sem er við ármót Hólsár og Gönguskarðsár. Í forgrunni er fornleg tóft SÞ-109:052, fjær er tóft Draflastaðasels SÞ-109:028 og önnur fornleg tóft SÞ-109:051 auk fleiri minja. Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2016

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT 5
1. INNGANGUR 7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 8
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 10
4. FORNLEIFASKRÁ 12
5. NIÐURSTÖÐUR 38
HEIMILDASKRÁ 44
HNITASKRÁ Í ISN93 46
KORT AF ÚTTEKTARSVÆÐI OG FORNLEIFUM 47

Samantekt


Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar á jörðunum Ytri Hóli og Garði í Fnjóskadal, Suður-Þingeyjarsýslu, vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Hólsá. Önnur fornleifaskráning vegna virkjunarinnar var gerð árið 2012 og þá voru skráðar 36 fornleifar innan helgunarsvæða mannvirkja. Síðan þá hafa teikningar af mannvirkjum í tengslum við virkjunina breyst talsvert og því reyndist nauðsynlegt að gera nýja fornleifaskráningu sem byggir á nýjustu teikningum. Vettvangsvinna fór fram í ágúst 2016 að beiðni Arctic Hydro. Innan helgunarsvæðis mannvirkja sem tengjast virkjuninni er 41 fornleif sem allar eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda.

1. Inngangur

Snemma árs 2016 fékk Arctic Hydro Fornleifastofnun Íslands ses. til að gera nýja fornleifakönnun á áhrifasvæði fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Hólsá í Fnjóskadal. Áður hafði verið gerð fornleifakönnun vegna sömu virkjunar árið 2012 og kom skýrsla með niðurstöðum hennar út í byrjun árs 2016[1]. Teikningar af mannvirkjum í tengslum við virkjunina hafa breyst talsvert frá því að fornleifakönnunin var gerð 2012 og skarast mannvirki á gömlu og nýju teikningunum að litlu leyti. Þá hafa bæst við efnistökusvæði sem ekki voru tekin út 2012. Af þessum sökum var þörf á að gera aðra fornleifakönnun þar sem nýjar teikningar af mannvirkjum eru lagðar til grundvallar til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar á svæðinu. Farið var á vettvang í ágúst 2016. Helgunarsvæði Hólsvirkjunar var þaulgengið í leit að fornleifum og allar sýnilegar minjar voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 sem Minjastofnun Íslands lánaði til verksins. Fornleifaskráning, skýrsluskrif og kortagerð var í höndum Kristborgar Þórsdóttur, fornleifafræðings.

Áhrifa Hólsvirkjunar mun gæta í landi tveggja lögbýla; í Garði og á Ytri Hóli. Garður er kominn í eyði en tún á jörðinni eru nytjuð. Ytri Hóll er í ábúð. Jarðirnar eru að mestu leyti grónar en víða eru gróðurlausir melkollar þar sem gróður og jarðvegur hefur eyðst.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).



Staðsetning fyrirhugaðrar virkjunar í Hólsá í Fnjóskadal sýnd sem rauður kassi á Íslandskorti. Kortið er fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands

[1] *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar FS601-12051.*

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> i. skipsflök eða hlutar þeirra.
> Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Fornleifaskráning vegna Hólsvirkjunar fólst í ítarlegri úttekt á því svæði sem stíflumannvirki, inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús, frárennslisskurður, þrýstipípur, vegir og efnistökusvæði ná yfir en það er um 4,7 km á lengd og 1,8 km á breidd. Áður en vettvangsvinna hófst var rætt við ábúendur og staðkunnuga um svæðið.

Líkt og í fyrri úttekt vegna virkjunarinnar er helgunarsvæði framkvæmda 50 m breitt umhverfis inntakslón, inntaksmannvirki, stöðvarhús og stíflumannvirki, 25 m breitt beggja vegna við miðlínu frárennslisskurðar og þrýstipípu en 15 m sitthvoru megin frá miðlínu vega.


Allar fornleifar sem fundust á athugunarsvæðinu, innan helgunarsvæða mannvirkja, eru skilgreindar „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að þessar minjar séu ekki allar í jafn bráðri hættu og líklegt sé að flestum minjanna sé hægt að hlífa með réttum aðgerðum. Þær minjar sem eru næst miðlínu línulegra mannvirkja og mörkum annarra mannvirkja eru í mestri hættu og minnkar hættan eftir því sem fjær dregur. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða en það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisaðgerða gæti þurft að grípa.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-084:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 3 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SÞ-109 Ytri Hóll

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var jarðardýrleiki 15 hdr. árið 1712 en var 30 hdr. áður en Syðri Hóll [SÞ-108] var byggður á 1/2 jörðinni. JÁM XI, 102. 10.1.1445 og 7.9.1446: Fjórir menn votta, að Magnús Oddason hafi feingið Guðrúnu Arnfinnsdóttur konu sinni tilgreindar jarðir til fullrar eignar fyrir jarðir, er Magnús hafði selt og Guðrún átti...at magnus oddason fiek ok lukti med handabandi gudruno arnfinnzdottur eiginkonu sinne halfa fiordu iord til fullrar eignar er suo heita...hol i draflastadaþingum."DI VI, 663. Ytri Hóll er gamalt býli, því að jarðarinnar er getið í skjölum frá því um siðaskipti og þá nefnd Hóll. Nafnbreytingin varð eftir 1600 með tilkomu Syðra Hóls. BBSÞ, 103
1918: Tún 6,9 ha., allt sléttað. "Engið spillist af grjótsáburði úr smálækjum og landbroti fyrir Fnjóská. Slægjur eru og nokkrar á Hólsdal, og liggur hann oft undir snjó framm á sumar, og er sá heyskapur því svipull og erfiður til að sækja. Úthagar eru grösugir og búgóðir."JÁM XI, 102. "Heldur er þar engjasnautt hið neðra, en jörðin á mikið fjalllendi...Á jörðin mikið land á mótum afréttardala. Ármótin þar efra eru litlu einu hærra yfir sjó en Hólsbærinn. Þar er engi mikið og sauðland..."LÞ I, 168. "Ytri Hóll er nyrsti byggður bær í austanverðum Fnjóskadal og stendur á breiðum hjalla 180 m yfir sjó. Neðan hjallans er mikið melasvæði með vel grónum giljum og mjótt undirlendi með Fnjóská...Heldur harðbalalegt er uppi á hjallanum og næðingssamt, en útsýni er fagurt. Ofar til fjallsins er lágur háls, raklendur og þaðan til austurs er Hólsdalur, mikið og vel gróið afréttarland í sameign með Syðra Hóli, sem er í eyði, en tilheyrir Ytra Hóli að hálfu. Beitiland jarðarinnar er gott þá er til næst, en snjóþyngsli eru mikil." BBSÞ, 103

SÞ-109:008 *Hólbrekka* gata leið 65°51.236N 17°52.322V




Götur á leið 008, horft til norðurs

"Ofan við Geithól [007] lækkar landslagið aðeins. Þar eru reiðgötur margar, og kallast það einnig Hólbrekka," segir í örnefnaskrá. Reiðgöturnar eru á leið sem lá á milli bæja, Ytri-Hóls og Garða en mögulega hefur sama leið verið farin til kirkju á Draflastöðum SÞ-070 sunnar í dalnum, sjá einnig leið 034. Litlu austar eru aðrar götur um Hólbrekku, sjá 110:059, og kunna þær að vera á sömu leið. Göturnar sjást um 100 m austan við tóft 007 og 230 m norðan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu Hólsvirkjunar liggur þvert yfir leiðina og götur á leiðinni sjást 17 m sunnan við hana. Vegur í tengslum við virkjunina liggur einnig yfir leiðina rétt norðan við túnið á Ytri Hóli. Leiðin telst því í stórhættu vegna framkvæmda og vegagerðar.
Göturnar liggja upp brekku austan við Geithól á nokkuð flatlent svæði í stórþýfðum lyng- og kjarrmóa.
Leiðinni var aðeins fylgt á um 230 m löngum kafla. Til norðurs hverfur hún við skurð á merkjum milli Ytri Hóls og Garðs og til suðurs hverfur hún í tún. Götur sjást á svæði sem er

um 20 m breitt og innan þess eru 10-15 götur saman. Þær eru grónar og eru allt að 1 m á breidd og 0,6 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 1

SÞ-109:026 *Hólssel* tóftaþyrping sel 65°50.682N 17°48.893V



Minjar í Hólsseli 026

"Syðst í Selbrekkum [sem eru ofan beitahúsanna 025] er Hólssel," segir í örnefnaskrá. Hólssel er á vesturbakka Hólsár um 770 m sunnan við beitarhús 025 og 2,7 km suðaustan við bæ 001. Fyrirhugað er að leggja veg í gegnum selstæðið í tengslum við Hólsvirkjun, á milli tófta D og E annars vegar og F og I hins vegar. Miðlína vegarins er 5-6 m vestan við tóftir F og I og eru þær því í stórhættu vegna vegagerðar. Seljatóftirnar mynda eina heild og lendir minjaheildin öll í stórhættu við vegagerð í gegnum selstæðið.
Seljatóftirnar eru á flatlendi vestan Hólsár. Næst ánni er flatlent mýrlendi austan við tóftirnar en vestan við þær er flatlendur grasvöllur. Lækur rennur úr hlíðum vestan selsins og á milli tófta F og E og norðan við tóft I til austurs í ána.
Á selstæðinu sjást átta tóftir og eru þær á svæði sem er um 140x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er nokkurn veginn á miðju svæðinu. Hún er um 7x8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er á rústahól sem er um 1 m á hæð. Hún skiptist í 3 hólf og er líklega torf- og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur í veggjum. Austast í tóftinni er hólf III sem er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til suðurs og óljóst op er úr því inn í hólf I sem er vestan við það. Hólf I er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan við hólf I er hólf II. það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð í tófinni er 0,8 m en er víða lægri.
Út frá norðurenda á tóft A gengur torfhlaðin tóft H sem hefur nánast samlagast tóft A en er líklega sjálfstæð tóft. Tóft H er 9,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Hólf I er í suðvesturenda. Það er um 1x4 m að að innanmáli. Op er úr því til norðausturs í hólf II. Það er um 2x3 m að innanmáli. Líklega er op á því til norðausturs. Veggir síðarnefnda hólfsins eru fremur mjóir og lágir. Líklegt er að tóft H sé kvíatóft. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,5 m.

Tóft F er um 20 m NNV við tóft A. Hún skiptist í 2 greinileg hólf og tvö ógreinileg sem kunna að vera mun eldri. Skýrari hluti tóftarinnar er um 10x4 m að stærð og snýr VSV-ANA. Tóftin er í heild sinni 10x11 m að stærð og snýr SSA-NNV. Í ANA enda skýrari hluta tóftarinnar er hólf I sem er um 2x5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Op er úr því til VSV inn í hólf II sem er um 4x2,5 m að innanmáli Veggir þess eru lágir og ógreinilegir. Op er á hólfi II í VSV enda en þar er veggurinn nánast útflattur. Norðan við þessi tvö hólf er ógreinilegt hólf III sem er um 4x2,5 m að innanmáli. Ógreinilegt op er á VSV-hlið hólfsins. Op er einnig úr því til NNV inn í hólf IV. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf III. Op er á því í NNV-enda. Mesta hleðsluhæð í syðri hluta tóftarinnar er 0,4 m en í norðurhlutanum er mesta hleðsluhæð 0,5 m. Þar eru veggir lyngi vaxnir og virðast eldri en í suðurhlutanum. Um 3 m NNV við tóft F er sigin og ógreinileg tóft I. Hún er 13x8 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf en suðurhluti tóftarinnar er mun greinilegri en norðurhlutinn sem er lægri. Óljóst op er inn í tóftina í suðurenda. Þar er hólf I sem er 5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ógreinilegt op er úr því til norðurs inn í hólf II. Það er 2,5x3 m að innanmáli og snýr austur-



Á vinstri mynd eru tóftir 026A og 026H í Hólsseli, horft til austurs. Á hægri mynd er tóft 026B, horft til norðurs


vestur. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð.

Tóftir D og E eru um 50 m norðvestan við tóft F. Þessar tóftir virðast að mestu leyti hafa verið grafnar inn í grasi gróinn bakka neðan við lyngi og kjarri vaxna móbrekku. Tóft E er um 2 m í þvermál innanmáls. Op er á henni til norðausturs. Líklega er hlaðinn veggur meðfram suðausturhlið tóftarinnar sem er um 1 m á breidd og 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Um 5 m NNA við tóft E er tóft D. Hún er ógreinleg og er um 2,5 m í þvermál innanmáls. Op er á henni til suðausturs. Veggir eru meðfram norðaustur- og suðvesturhliðum. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki sést grjót í veggjahleðslum í tóftum D eða E.

Tóft B er á rústahól 60 m suðaustan við tóft A. Saman ná minjar á honum yfir svæði sem er um 17x12 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er úr torfi og grjóti. Yngsta og greinilegasta hólfið I er í miðri tóftinni. Lítillega sést í grjót í innanverðum veggjum. Hólfið er um 5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Sunnan við það er hólf II sem stendur mun lægra. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á þessum hólfum. Hólf III er norðvestan við hólf I. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Hólf IV er norðan við hólf III. Það er um 2x2 m að innanmáli. Innri brún veggja þess sést illa og ekki sést op á því. Hólf V er í norðurenda tóftarinnar. það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op eru í norðvestur-og suðausturhornum þess. Ógreinilegt hólf VI er á milli hólfa I og V. Það er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést skýrt op á því. Hólf VII er svo í norðausturhorni tóftarinnar. Það er 2x1,5 m að innanmáli

og snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,8 m en hóllinn með tóftinni er um 1,5 m á hæð.
Tóft G er fast vestan við tóft B. Hún er um 6x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir sjást greinilega í vesturhorni tóftar. Þar eru þeir 0,5 m á hæð. Þeir eru hlaupnir í þúfur og lyngi vaxnir. Op sést í norðvesturenda tóftar. Aðrir hlutar tóftar eru útflattir og mjög óskýrir.
Tóft C er um 15 m suðvestan við tóft G. Hún skiptist í þrjú hólf. Tóftin er líklega torfhlaðin og er 10x8 m að stærð, snýr austur-vestur. Hólf I er í norðurenda. Það er um 2x6 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til austurs.Sunnan við það og samsíða því er hólf II. Það er um 2x6 að innanmáli, snýr austur-vestur. Hólfið er breiðast vestast en stærstur hluti þess er aðeins 1 m á breidd. Op er til austurs og norðurs, vestan við hólf I. Hólf III er sunnan við hólf II. Það er um 1,5x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því til austurs. Mesta hleðsluhæð tóftar er 0,5 m. Veggir eru almennt mjóir og signir. Tóftin er lyngi vaxin en ekki mjög fornleg. Svo virðist sem að tvær seltóftir, mögulega tvö selstæði, séu í Hólsseli. Önnur þeirra er tóft A (sem hefur mögulega tengst tóft H) og hin er tóft B. Rústahóll er undir báðum tóftunum en hóllinn undir tóft A er hærri og meira afgerandi. Ekki er ljóst hvort önnur seltóftin hafi tekið við af hinni eða hvort tvö sel voru starfrækt á sama tíma í Hólsseli.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 4

SÞ-109:028 *Draflastaðasel* tóft sel 65°51.024N 17°48.234V



Draflastaðasel 028



Draflastaðasel 028, horft til norðvesturs

"Suður af Selbrekkum er sel austan Hólsár, sem heitir Végeirsstaðasel [027]. Annað sel er á þessum slóðum, Draflastaðasel, austan við ána," segir í örnefnaskrá. Tóft sem er að öllum líkindum seltóft og er sennilega af Draflastaðaseli er um 80 m vestan við tóft 052 og 45 m sunnan við tóft 051. Draflastaðir SÞ-070 eru um 7 km suðvestan við selið. Tóftin er 26 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun. Hún er því á mörkum þess að vera innan helgunarsvæðis pípunnar en telst í stórhættu vegna framkvæmda.
Tóftin er í dálitlu graslendi í annars þýfðum lyngmóa og er hún grasi vaxin. Vegarslóði er litlu norðaustan við tóftina.
Tóftin skiptist í þrjú greinileg hólf og er líklega að mestu torfhlaðin en einnig getur verið að grjót sé í veggjum þó að það sjáist ekki lengur. Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I er í austurenda tóftarinnar. Það er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Hólf II er þar vestan við. Það er um 1x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðvesturs og mögulega óljóst op til vesturs inn í hólf III. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr það austur-vestur. Op er á því í suðausturhorni. Óljóst hólf IV er við

suðvesturhorn tóftarinnar. Það er um 7x3 m að innanmáli. Ekki sést veggur á því á austur- eða vesturhliðum en óljós veggur er á suðurhlið. Mesta hæð veggja í tófinni er 0,6 m. Ekki er útilokað að tóft 051 hafi einnig tilheyrt selinu en hún virðist mun eldri á að líta ef marka má gróðurfar og hæð veggja.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Ytri Hóll, 4

SÞ-109:033 garðlag vörslugarður 65°51.250N 17°53.008V



Garðlag 033 og vegur 034, horft til norðurs

Mikið garðlag liggur samsíða ruddum vegi 034 og er 680 m norðvestan við bæ 001. Það liggur frá uppblásnum mel sunnan við Sandgil og að skurði í mýrlendi vestan við Geithól, sjá 007. Norðurendi þess hluta garðlagsins sem sést í landi Ytri Hóls er 28 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun. Þrýstipípan mun liggja eftir gróðurlausum mel þar sem garðurinn er horfinn á yfirborði vegna uppblásturs. Ólíklegt er að leifar af garðinum séu á melnum en þó er ekki hægt að útloka það án frekari rannsóknar. Garðurinn telst því í stórhættu vegna framkvæmda þó að sýnilegir hlutar hans séu utan framkvæmdasvæðis.
Garðlagið liggur um lyng- og kjarrmóa á fremur flatlendu svæði vestan Geithóls.
Garðlaginu var fylgt á um 80 m löngum kafla þar sem það liggur NNA-SSV. Það er torfhlaðið, gróið og vaxið lyngi og víði. Garðlagið er sigið og er víðast um 2 m á breidd og hæst um 0,6 m. Garðurinn hverfur til norðausturs við uppblásinn mel en sést halda áfram norðan Sandgils í landi Garðs SÞ-110. Garðurinn hverfur við skurð til suðvesturs en hinum megin við skurðinn er rask og sést ekki framhald af garðinum þar. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en líklega gegndi hann hlutverki vörslugarðs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:034 vegur leið 65°51.252N 17°53.018V



Vegur 034 og garðlag 033, horft til vesturs

Ruddur vegur liggur samsíða garði 033 og er 690 m norðvestan við bæ 001. Hann liggur frá uppblásturssvæðum sunnan við Sandgil og að skurði í mýrlendi vestan við Geithól, sjá 007. Þaðan heldur leiðin svo áfram til suðurs. Hluti leiðarinnar var skráður vegna mats á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar. Fyrirhuguð þrýstipípa í tengslum við virkjunina liggur þvert á leiðina og telst hún því í stórhættu vegna framkvæmda. Hins vegar eru engar sýnilegar leifar af leiðinni á melnum þar sem helgunarsvæði þrýstipípunnar er.

Vegurinn liggur um lyng- og kjarrmóa á fremur flatlendu svæði vestan Geithóls.
Vegurinn var skoðaður á um 80 m löngum kafla þar sem hann liggur NNA-SSV. Vegurinn er 2-3 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Hann er gróinn. Þar sem hann endar við skurð til SSV er brú eða haft í skurðinum svo hægt er að komast þar yfir hann. Leiðin liggur frá Garði SÞ-110 og niður á flatlendið við Fnjóská. Hún krækir framhjá Ytri Hóli og Syðri Hóli og er hluti af alfaraleið um austanverðan dalinn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:036 garðlag túngarður 65°80.250N 17°52.234V



Garðlag 036, horft til suðvesturs

Unglegur túngarður er um 20 m austan við götur á leið 008 og 250 m NNV við bæ 001. Hann liggur meðfram norðvesturhlið túns sem er í hlíðinni ofan og austan við göturnar. Miðlína vegar í tengslum við fyrirhugaða Hólsvirkjun liggur eftir garðinum og er hann því í stórhættu vegna vegagerðar.
Garðlagið er á mörkum túns og lyng- og kjarrmóa í brekku.
Garðlagið er sem fyrr segir unglegt en líklega hlaðið á fyrri hluta 20. aldar. Það er 120 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur, um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Girt er ofan á garðinn með gaddavír og er hann líklega eingöngu torfhlaðinn. Meðfram norðaustur- og austurhliðum túnsins er grafin rás og ekki sést hlaðinn garður meðfram þeim hliðum.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SÞ-109:039 garðlag vörslugarður 65°51.261N 17°51.514V



Vörslugarður 039, horft til austurs

Garðlag er nærri merkjum á milli Ytri Hóls og Garðs SÞ-110, um 700 m norðaustan við bæ 001. Garðurinn liggur til vesturs frá Sjónarhóli að garði 110:068, sem liggur til norðurs, og að túngarði 036. Að sögn Bergsveins Jónssonar, heimildamanns, er garðurinn ekki á merkjum og er því ekki landamerkjagarður. Hann hefur því gegnt hlutverki vörslugarðs. Garðurinn tengist að líkindum vörslugarði 047. Miðlína vegar í tengslum við fyrirhugaða Hólsvirkjun er fast suðaustan við suðvesturenda garðsins og liggur yfir hann á einum stað þar Syðstilækur rennur í Klaufarlæk. Garðurinn er því í stórhættu vegna vegagerðar.
Garðurinn liggur yfir hæðir og hóla í mólendi sem hallar til vesturs. Gróðurlausir melar eru á hólkollum á svæðinu.

Garðurinn er fremur unglegur að sjá og er óvíst að hann nái 100 ára aldri og teljist þar með til fornleifa. Hann er víðast torfhlaðinn og hefur verið grafin rás sunnan við hann og efnið úr henni hlaðið upp í garð. Þar sem ekki náðist í jarðveg vegna rofs var notað grjót í garðhleðslur. Frá Sjónarhóli liggur garðurinn til VNV á 645 m löngum kafla að Syðstalæk austan við Lynghól. Þar beygir garðurinn til vesturs á 85 m löngum kafla. Þar beygir hann afutr til suðvesturs á 45 m löngum kafla. Garðurinn er breiðastur um 1 m og er 0,3-0,6 m á hæð. Garðurinn afmarkar svæði sem er 750x50 m að stærð og snýr VNV-ASA. Girt hefur verið ofan á hann en girðingin hefur verið fjarlægð.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SÞ-109:046 náma rista 65°51.116N 17°49.494V



Torfristusvæði 046, horft til norðausturs

Torfristusvæði er um 130 m vestan við beitarhús 025 og 2 km austan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun er 3 m suðvestan við svæðið og vegur í tengslum við sömu framkvæmd liggur yfir suðvesturenda svæðisins. Minjarnar teljast því vera í stórhættu vegna framkvæmda og vegagerðar.
Torfristusvæðið er í mjóu dalverpi eða laut sem liggur norðaustur-suðvestur. Svæðið víkkar í norðausturenda þar sem það opnast út í Vaðsmýri, sjá 110:040. Þar er það mýrlent en að öðru leyti þurrt.
Svæðið er um 90x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það mjókkar í suðvesturenda. Á öllu svæðinu sjást grónar þverrendur sem virðast hafa myndast við torfristu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:050 varða samgöngubót 65°51.068N 17°49.429V




Varða 050, horft til norðausturs

Vörðubrot er á milli torfristusvæða 043 og 046 og 90 m suðvestan við beitarhús 025. Varðan er 17 m norðaustan við fyrirhugaða þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og 15 m norðaustan við veg í tengslum við sömu framkvæmd. Varðan telst í stórhættu vegna framkvæmda og vegagerðar.
Varðan er á blásnum melkoll í lyngmóa.
Varðan er um 0,5 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Í henni sjást 2 umför. Jarðlæg grjótdreif er í kringum vörðuna sem kann að hafa hrunið úr henni. Ekki er ljóst hvaða tilgangi varðan þjónaði en mögulega er hún við leið 064 sem liggur að Hólsseli 026 og áfram inn Hólsdal.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:051 tóft 65°51.046N 17°48.222V



Tóft 051



Tóft 051, horft til vesturs

Gróin tóft er sunnan við Gönguskarðsá, vestan við Gönguskarð. Hún er um 45 m norðan við Draflastaðasel 028 og 80 m VNV við tóft 052. Tóftin er fast suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og fyrirhugaður vegur vegna sömu framkvæmdar liggur yfir suðvesturenda tóftarinnar. Hún er því í stórhættu vegna framkvæmda. Tóftin er á flatlendi í þýfðum lyngmóa og er hún að miklu leyti gróin lyngi og hrísi. Vegarslóði er suðvestan við tóftina.
Tóftin er um 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist vera einföld en þó er púfa í henni vestarlega sem gæti hafa skipt henni upp í tvö hólf. Óljós op eru á suður- og vesturhliðum tóftarinnar. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Mögulega tilheyrir tóftin Draflastaðaseli en hún virðist mun eldri á að líta. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


SÞ-109:052 tóft 65°51.023N 17°48.131V

Fornleg tóft er um 80 m austan við Draflastaðasel 028 og um 80 m suðaustan við tóft 051. Tóftin er 16 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Tóftin er í lyngi vaxinni skál í brekku í stórþýfðum móa.
Tóftin er þrískipt og er að líkindum torfhlaðin en ekki sést í grjót í henni. Tóftin er allfornleg og sigin og vaxin lyngi og hrísi. Tóftin liggur í L og er um 15x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðvesturenda. Það er skýrasti hluti tóftarinnar. Hólfið er 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því á norðvesturlangvegg. Hólf II er suðaustan



Tóft 052, horft til norðvesturs

við hólf I. Það er um 5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er á því í norðurhorni. Hólf III er um 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést skýrt op á því en hefur mögulega verið í norðurhorni. Veggir í hólfum II og III eru afar signir. Ekki sjást op á milli hólfa. Mesta hæð veggja er 0,6 m norðvestast í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið rétt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Tóft 052

SÞ-109:056 gryfja kolagröf
65°51.314N 17°52.658V


Kolagröf 056, horft til norðvesturs

Kolagröf er norðvestan undir Geithól, sjá 007, nærri merkjum á móti Garði og 560 m norðvestan við bæ 001. Hún er 25 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast minjarnar því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er við rætur Geithóls í mólendi sem vaxið er lyngi og fjalldrapa. Mýrlent er til norðvesturs.
Kolagröfin er allgreinileg þó hún sé ekki mjög stór. Hún er um 1 m í þvermál innanmáls en í heildina er mannvirkið um 4 m í þvermál. Gröfin er um 0,4 m á dýpt. Jarðvegskragi er greinilegur en óreglulegur. Hann er 0,1-0,2 m á hæð. Ógreinileg og óregluleg renna liggur úr gröfinni til norðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:058 gryfja kolagröf
65°51.274N 17°53.325V
Kolagröf er 195 m vestan við kolagröf 057 og 20 m suðaustan við kolagröf 059. Gröfin er 940 m norðvestan við bæ 001. Hún er 19 m sunnan við þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í fremur aflíðandi halla til suðvesturs í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er ekki mjög afgerandi vegna gróðurs og ef til vill einnig vegna þess að hún er í halla og því meira samansigin en


Kolagröf 058, horft til norðausturs

ella. Hún er rúmlega 1 m í þvermál innanmáls og 0,3 m á dýpt. Ógreinilegur jarðvegskragi er í kringum hana.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:059 gryfja kolagröf
65°51.281N 17°53.352V
Kolagröf er 10 m norðaustan við kolagröf 060 og 20 m norðvestan við kolagröf 058. Gröfin er 970 m norðvestan við bæ 001. Hún er 7 m sunnan við þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í fremur aflíðandi halla til suðvesturs í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er um 1 m í þvermál innanmáls og 0,2-0,3 m á dýpt. Lítt afgerandi jarðvegskragi er í kringum gröfina. Talsverður gróður er í kolagröfinni, samskonar og vex í móanum í kring.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kolagröf 059, horft til austurs

SÞ-109:060 gryfja kolagröf
65°51.274N 17°53.363V
Kolagröf er 10 m suðvestan við kolagröf 059 og 35 m vestan við kolagröf 061. Gröfin er 970 m norðvestan við bæ 001. Hún er 16 m sunnan þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í fremur aflíðandi halla til suðvesturs í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er vel greinileg og er hún 1x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Gröfin er 0,5 m á dýpt. Óljós jarðvegskragi er í kringum hana. Hún er vel gróin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kolagröf 060, horft til norðurs

SÞ-109:061 gryfja kolagröf
65°51.274N 17°53.414V
Kolagröf er 35 m vestan við kolagröf 060 og 24 m ASA við kolagröf 063. Gröfin er 1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 20 m sunnan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.



Kolagröf 061, horft til NNV

Gröfin er í fremur aflíðandi halla til suðvesturs í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er allgreinileg og er hún um 1 m í þvermál og 0,5 m á dýpt. Greinilegur jarðvegskragi er í kringum gröfina nema til SSA. Kolagröfin er vel gróin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:062 gryfja kolagröf 65°51.288N 17°53.455V



Kolagröf 062, horft til norðurs

Kolagröf er um 18 m norðvestan við kolagröf 061 og 25 m norðaustan við kolagröf 070. Gröfin er 1 km norðvestan við bæ 001. Hún lendir undir miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í fremur aflíðandi halla til suðvesturs í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er ekki mjög afgerandi því hún er vel gróin og mikill gróður er í henni; lyng og fjalldrapi. Gröfin er 1x0,6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt. Lítt afgerandi jarðvegskragi er í kringum hana.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:063 gryfja kolagröf 65°51.278N 17°53.447V



Kolagröf 063, horft til suðvesturs

Kolagröf er um 242 m VNV við kolagröf 061 og 18 m suðaustan við kolagröf 062. Gröfin er 1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 14 m sunnan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er á flata milli aflíðandi brekkna til suðvesturs, í smáþýfðum móa þar sem vex lyng, fjalldrapi og lítilsháttar kjarr.
Kolagröfin er nokkuð skýr og er hún 1,2 m í þvermál innanmáls og 0,5 m á dýpt. Greinileg renna er úr henni til austurs. Eins er greinilegur jarðvegskragi í kringum hana sem er 0,2 m á hæð. Gröfin er vel gróin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:064 gata leið 65°51.022N 17°49.415V
Mjó gata liggur af leið 631:019 til suðausturs, framhjá vörðu 631:019D og vörðu 109:050. Mögulega varðaði síðarnefnda varðan leiðina sem gatan er á. Ekki er útilokað að aðeins sé um fjárgötu að ræða en hún er mjög greininleg og ekki mjög frábrugðin leið 631:019 sem er vel þekkt og fjölfarin leið. Hún fær því að njóta vafans og er tekin inn í fornleifaskrá. Gatan er innan helgunarsvæðis fyrirhugaðrar þrýstipípu vegna Hólsvirkjunar á löngum köflum. Eins er

hún innan helgunarsvæðis stíflu og inntakslóns í Hólsdal og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.



Gata á leið 064, horft til suðausturs

Leiðin liggur yfir gróinn hæðóttan móa og blaut sund inn á milli.
Leiðinni var fylgt á um 1,7 km löngum kafla þar sem hún liggur frá norðvestri til SSA inn Hólsdal og er innan helgunarsvæðis mannvirkja Hólsvirkjunar. Víðast sést aðeins ein gata sem enn er farin af sauðfé. Hún er mjó en sumsstaðar alldjúp eða 0,2 m. Leiðin liggur að Hólsseli 026 og áfram inn dalinn til suðurs. Eftir því sem innar dregur í dalinn sjást fleiri fjárgötur nær ánni sem stefna í sömu átt. Ekki fundust heimildir um þekkta leið á þessum slóðum en líklegt er að göturnar séu á leið lá um Hólsdal og Finnsstaðadal milli Fnjóskadals og Köldukinnar þó að hún væri fáfarnari og síður þekkt en leið 631:019 um Gönguskarð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:065 þúst 65°51.261N 17°52.245V



Þúst 065, horft til suðvesturs

Stór og þýfð þúst er í móanum norðan við tún um 330 m norðan við bæ 001 og 12 m norðvestan við túngarð 036. Hún sker sig úr umhverfinu og ber hún merki þess að hún sé manngerð. Þústin er 13 m norðvestan við miðlínu vegar í tengslum við fyrirhugaða Hólsvirkjun. Hún telst því í stórhættu vegna vegagerðar.
Þústin er í lyngmóa suðvestan undir hárri brekku. Móinn er smáþýfður og sker þústin sig úr umhverfinu vegna þess hversu stórþýfð hún er.
Þústin er 17x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mörk hennar eru nokkuð skýr, sérstaklega á norðurhlið. Þústin er 0,4-0,5 m á hæð. Ekki er öruggt að um fornleif sé að ræða en
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SÞ-109:066 þúst 65°51.043N 17°48.191V

Torfhlaðin, ferköntuð þúst er á litlum hól 20 m austan við tóft 051 og 45 m norðaustan við Draflastaðasel 028. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu og vegar í tengslum við Hólsvirkjun er fast suðvestan við þústina og telst hún því í stórhættu vegna framkvæmda.

Þústin er í þýfðum lyngmóa sunnan við Gönguskarðsá.

Þústin er 1,5x2 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er fremur flöt að ofan og horn hennar eru skýr. Þústin er ekki hærri en 0,3 m. Af gróðrinum að dæma sem á þústinni vex er ekki um mjög fornt mannvirki að ræða en hvorki aldur hennar né hlutverk er þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Þúst 066, horft til SSV

SÞ-109:067 tóft rétt 65°51.057N 17°48.198V



Réttartóft 067, horft til ASA



Tóft 067

Sigin og fremur ógreinileg réttartóft er sunnan við Gönguskarðsá, 13 m norðaustan við tóft 051 og 53 m norðaustan við Draflastaðasel 028. Tóftin er 23 m NNA við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu vegna Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Réttin er í gömlum grónum farvegi Gönguskarðsár. Farvegurinn er grasi gróinn en annars er lyngmói í kring.

Tóftin er um 25x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og torfhlaðin. Lágir langveggir eru hlaðnir ofan á bakka farvegarins og er veggurinn á norðausturhlið 9 m lengri til norðvesturs en hinn langveggurinn. Í suðausturenda tóftarinnnar er veggur sem hlaðinn er ofan í farveginum á milli langveggja. Ekki eru sýnilegar veggjahleðslur í norðvesturenda nema að litlu leyti. Op er á tóftinni í austurhorni. Rof er í gegnum suðurhornið vegna mýrarlænu sem rennur um það og ofan í farveginn. Veggir tóftarinnar eru víðast um 1 m á breidd og 0,2, m á hæð. Þeir eru lyngi vaxnir en einnig grasi og fjalldrapa.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:068 gryfja kolagröf 65°51.300N 17°53.494V

Kolagröf er 35 m norðvestan við kolagröf 062 og 55 m norðvestan við 063. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 20 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er í lyngmóa á flata sunnan undir aflíðandi brekku sem liggur upp á melhól. Gróður einkenninst af lyngi, fjalldrapa og víði.
Kolagröfin er um 1 m í þvermál innanmáls og lítt greinilegur jarðvegskragi er í kringum hana. Mannvirkið er í heild um 4 m í þvermál. Kolagröfin er öll vaxin lyngi og fjalldrapa.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kolagröf 068, horft til norðurs

SÞ-109:069 tóft+garðlag túngarður 65°50.946N 17°52.508V





Á vinstri mynd er nyrsti hluti túngarðs 069, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er útihúsatóft sem er áföst túngarði 069, horft til suðausturs

Unglegur túngarður og sambyggð tóft eru vestan og suðvestan við bæ 001. Vegur í tengslum við fyrirhugaða Hólsvirkjun liggur meðfram garðinum á kafla norðan við heimreið að bænum og liggur í gegnum hann á tveimur stöðum. Hann er því í stórhættu vegna vegagerðar.
Syðsti hluti garðsins og tóftin eru í mólendi utan túns en stærstur hluti garðsins afmarkar tún vestan við bæinn. Vestan við túnið er mólendi og gróðurlausir melkollar.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 570x270 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti eða því efni sem tiltækt var utan við túnið. Garðurinn er nokkuð heillegur en heimreiðin liggur þvert í gegnum hann sunnan við túnið. Lýsingin hefst á þeim hluta garðsins sem er norðan við heimreið. Frá heimreiðinni liggur garðurinn til norðurs á 160 m löngum kafla. Þar er hann víða 0,6 m á breidd og 0,6-0,7 m á hæð. Þá beygir hann til norðvesturs á 150 m löngum kafla. Þar sést garðurinn nánast bara sem kantur. Þá beygir garðurinn til norðurs á 10 m löngum kafla og aftur til norðausturs á 290 m löngum kafla. Þar endar garðurinn. Síðastnefndi hluti garðsins er að mestu leyti nokkur breiðari og hærri en aðrir hlutar garðsins og kann að vera

eldri en þeir. Á þessum kafla er garðurinn víðast um 1 m á breidd og þar sem hann er hæstur utanmáls er hann allt að 1,2 m á hæð. Sunnan við heimreiðina liggur garðurinn til suðurs á 44 m löngum kafla, að tóftinni. Garðurinn er 0,6 m á breidd og 0,6 m á hæð. Tóftin er torfhlaðin og einföld og er hún líklega af útihúsi. Hún er 24x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hæð veggja utanmáls er 1,1-1,2 m og þeir eru innan við 1 m á breidd. Op er á tóftinni í vesturhorni og einnig er breitt op á suðausturgafli. Inni í tóftinni eru grindur úr timbri og bárujárni og kann hún að hafa verið notuð sem rétt undir það síðasta en brak úr þaki og stöfnum er norðan við tóftina og austan við garðinn. Frá tóftinni liggur garðurinn áfram til suðausturs á 155 m löngum kafla þar sem hann hættir að sjást.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SÞ-109:070 gryfja kolagröf 65°51.283N 17°53.485V

Kolagröf er 25 m vestan við kolagröf 062 og 30 m sunnan við kolagröf 068. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 7 m sunnan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er frammi á brún í lækjargili í lyngmóa. Gróður einkenninst af lyngi, fjalldrapa og víði.
Kolagröfin er allgreinileg en er ekki meira en 0,6 m í þvermál innanmáls. Illgreinilegur jarðvegskragi er í kringum hana og er heildarumfang mannvirkisins um 4 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kolagröf 070, horft til austurs

SÞ-109:071 gryfja kolagröf 65°51.288N 17°53.519V

Kolagröf er 28 m vestan við kolagröf 070 og 30 m suðvestan við kolagröf 068. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er fast sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gröfin er frammi á brún í lækjargili í lyngmóa. Gróður einkenninst af lyngi, fjalldrapa og víði.
Kolagröfin er alldjúp og vel greinileg. Hún er um 1 m í þvermál innanmáls og 0,6 m á dýpt. Gras vex í botni hennar en hún er vaxin lyngi og fjalldrapa að öðru leyti. Lítt greinilegur jarðvegskragi er í kringum gröfina og er heildarstærð mannvirkisins um 4 m í þvermál.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Kolagröf 071, horft til norðvesturs

SÞ-109:072 gryfja kolagröf 65°51.283N 17°53.550V

Stór kolagröf er undir lágum bakka gróins og nokkuð breiðs lækjargils sem er næst sunnan við Sandgil. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 12 m sunnan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Kolagröfin er á flatlendu og grasi grónu svæði í lækjargilinu þar sem það breikkar til vesturs. Til norðurs vex fjalldrapi á gilbarminum en á flatlendinu í gilinu vex gras og víðirunnar. Á kolagröfinni vex elfting og fjalldrapi.

Að innanmáli er kolagröfin um 1,5x1,5 m að innanmáli. Op er á henni í suðurhorni. Í kringum hana er skýr jarðvegskragi sem er um 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Gröfin er um 0,5 m á dýpt.



Kolagröf 072, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-109:073 gryfja kolagröf 65°51.294N 17°53.564V



Kolagröf 073, horft til suðvesturs

Kolagröf er suðvestan undir lágum bakka eða brún gróins lækjargils. Gröfin er 1,1 km norðvestan við bæ 001. Hún er 5 m norðan við miðlínu þrýstipípu fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Kolagröfin er á flatlendu og grasi grónu svæði í lækjargilinu þar sem það breikkar til vesturs. Til norðurs vex fjalldrapi á gilbarminum en á flatlendinu vex gras og víðirunnar. Á kolagröfinni vex elfting og fjalldrapi.


Gröfin er ríflega 1 m í þvermál innanmáls. Greinilegur kragi myndar hálfhring suðvestan við hana. Hún er ekki dýpri en 0,3 m. Gröfin er vel gróin.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110 Garður

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var jarðardýrleiki 30 hdr. árið 1712. Með er talin eyðihjáleigan Mýrarkot. JÁM XI, 102. Í Jarðabók Johnsen var jarðardýleiki 20 hdr. 1847. JJ, 319. Bændaeign. Garður var mikil jörð og stórbýli áður, fór í eyði 1961.
1918: Tún 6,8 ha. þar af sléttað um 4/5 "Engið liggur nokkuð upp undir Gönguskarði, og er þángað nokkuð erfitt að sækja. Úthagar góðir og miklir."JÁM XI, 102. "Heldur er hrjóstrugt um að litast líkt og á Ytrahóli, en víðsýnt...Jörðin á alla tunguna norður innan árbugsins og mikið land bakvið Garðsfell, austan Hólsár, hið vestasta af Gönguskarði og hlíðina norður frá því að Krókalandi. Þar er engi mikið og meira en heima, og heitir þar Selland. Garður er mikil útbeitarjörð og hátt metin að fornu."LÞ I, 169. Er norðarlega í Fnjóskadal.

SÞ-110:035 *Þrengingasel* tóftir sel 65°51.025N 17°47.642V



Tóftir í Þrengingaseli 035 og varða 631:019K

"Þrengingar eru austan við Stalla í Sellandi og heita það fari að þar er mjög stutt á milli að eins Gönguskarðsáin, brattur melur að sunnan varla fært gangandi manni og að norðan Sellandsmegin er lítið sem ekkert undirlendi þar var eitt sinn sel, en þarna er oft búið að fara skriður og það fyrir löngu tínt og eins er það í Sellandi.", segir svörum við spurningum um örnefni. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1912 segir að ítök Draflastaðakirkju séu þessi: "Selstöðu á Gönguskarði í Þrengíngarseli, og hefur áður brúkast en nú ekki í nokkur ár." Að öllum líkindum eru tóftir austarlega í Sellandi, norðan við Gönguskarðsá, leifar af Þrengingaseli þó að það sé sagt löngu týnt undir skriður í svörum við spurningum um örnefni. Selið er um 150 m austan við tóft 034, 460 m austan við meint Draflastaðasel 109:028 og 3,7 km ASA við bæ 001. Minjarnar í selinu eru í stórhættu vegna landbrots en áin brýtur af hluta minjanna. Minjarnar eru 26 m norðaustan við hæstu stöðu uppistöðulóns fyrirhugaðrar stíflu í Gönguskarðsá í tengslum við Hólsvirkjun. Þær eru því innan helgunarsvæðis lónsins og teljast einnig í stórhættu af þeim sökum.
Minjarnar eru á láglendisræmu meðfram Gönguskarðsá. Til vesturs er grasgefið deiglendi. Lækur rennur niður úr hlíðinni austan við minjarnar til suðurs í ána. Norður og upp af minjunum er brattar lyngi vaxnar brekkur.
Fjórar tóftir eru á svæði sem er um 30x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á svæðinu er einnig varða K á leið 631:019. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Norðaustast á svæðinu er tóft D. Hún er um 5x1,5m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Tóftin virðist vera




Á vinstri mynd er horft yfir selstæðið til norðvesturs. Á hægri mynd er horft til suðvesturs yfir tóft 035A og fjær er tóft 035B ásamt vörðu 631:019K

niðurgrafin og er mesta dýpt 0,4 m. Ekki sést skýrt op á henni en það virðist hafa verið í VSV-enda. Tóftin gæti verið af kvíum. Hún er gróin og ekki sést í grjót í henni. Tóft A er um 16 m suðvestan við tóft D. Tóft A er stærsta tóftin á svæðinu og er seltóft. Hún skiptist í sjö hólf en áin er búin að brjóta af suðausturhlið hennar. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 10x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestast í tóftinni er gengið inn í hana um göng. Á hægri hönd, til suðvesturs, er op inn í hólf I. Það er 1 m í þvermál. Á vinstri hönd, til norðausturs, er op inn í hólf II. Það er um 1x1 m að innanmáli. Op er úr því til suðausturs inn í hólf III. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Úr göngum á milli hólfa I og II er gengið til suðausturs inn í hólf IV. Það er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því til suðausturs inn í hólf V. Það er 1,5x1 og snýr eins og hólf IV en áin hefur brotið af suðausturenda þess. Óljóst op er úr hólfi IV til suðvesturs inn í hólf VI sem er 1x1 m að innanmáli. Op er á því til vesturs, út úr tóftinni. Úr hólfi V er einnig óljóst op til suðvesturs inn í hólf VII. Það liggur í L og er 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Áin hefur brotið af suðausturenda þess. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Fast suðvestan við tóft A er tóft B. Hún virðist vera tvískipt og er um 6x4 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda. Það er 1,5x1,5 m að innanmáli. Ógreinilegur veggur skilur á milli hólfa og hefur að öllum líkindum verið op á honum. Hólf II er í norðvesturenda tóftarinnar. Það er um 1x1 m að innanmáli. Op er á tóftinni í norðurhorni inn í hólf II. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Hún er gróin og ekki sést grjót í veggjum en ætla má að hún sé hlaðin úr torfi og grjóti. Varða 631:019K er hlaðin fast við eða í suðvesturlangvegg tóftarinnar. Afar óljós einföld tóft C er við norðurhorn á tóft B. Hún er útflött og er 3x3 m að stærð. Op er á henni á suðvesturhlið. Ekki sést í grjót í veggjum hennar og líklegt að hún sé eingöngu úr torfi vegna þess hversu sigin hún er.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garður svör, 12; JÁM XI, 72



Horft yfir mógrafir 053 til norðurs

SÞ-110:053 náma mógrafir
65°51.226N 17°50.648V
Mógrafir eru nærri merkjum móti Ytri Hóli SÞ-109 í landi Garðs, austan og ofan við Garðsklauf. Þær eru um 130 m VSV við þúst 054 og 1,5 km suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru 10 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.
Minjarnar eru á flatlendu svæði milli hárra hóla, rennur lækur um blautlent svæði. Vestarlega í því eru tvær tjarnir þar sem líklegt er að mór hafi verið tekinn.
Meintar mógrafir eru á svæði sem er um 30x20 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Annars vegar er ein stór mógröf full af vatni. Hún er um 25x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,5 m á dýpt. Önnur lítil mógröf sem er full af vatni er í suðurhorni svæðisins. Hún er um 5x5 m að stærð og er 0,3 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:054 þúst 65°51.248N 17°50.478V

Gróin grjótþúst er sunnan við Sundin í landi Garðs, um 130 m austan við mógrafir 053 og 1,6 km suðaustan við bæ 001. Þústin er 20 m suðaustan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Minjarnar eru á blásnum mel sunnan við blautt sund.
Grjótið í þústinni er jarðlægt og gróið. Þústin er um 2x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést steinn yfir steini. Mesta hæð er 0,1-0,2 m. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða en mögulega er um gamla og hrunda vörðu að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Grjótþúst 054, horft til suðvesturs

SÞ-110:055 náma mógrafir 65°51.259N 17°50.446V



Mógrafir 055, horft til norðvesturs

Mógrafir eru um 30 m norðaustan við þúst 054 og um 160 m austan við mógrafir 053. Mógrafirnar eru 1,6 km suðaustan við bæ 001 og liggur miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun þvert yfir þær. Minjarnar teljast því í stórhættu vegna framkvæmda.
Mógrafirnar eru í Sundunum, mýrarsundum á milli hólaraða.
Mógrafir eru á svæði sem er um 30x20 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru á þúfnalausu svæði, eru þurrar og grunnar en dýpstar eru þær um 0,3 m. Fleiri mógrafir eru líklega til norðausturs en það svæði er utan athugunarsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda vegna Hólsvirkjunar sem tekið var út árið 2012.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:058 náma mógrafir 65°51.275N 17°50.407V

Greinilegar mógrafir eru fast norðvestan við götur á leið 056, um 30 m norðaustan við mógrafir 055 og 1,6 km ASA við bæ 001. Fast norðaustan við mógrafirnar liggur vegarslóði. Mógrafirnar



Mógrafir 058, horft til norðvesturs

eru 7 m norðvestan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og vegur í tengslum við sömu framkvæmd liggur yfir vesturenda þeirra. Mógrafirnar teljast því í stórhættu vegna framkvæmda og vegagerðar.
Mógrafirnar eru í Sundunum, mýrarsundum á milli hólaraða.
Mógrafirnar eru á svæði sem er um 25x15 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Vatn stendur í þeim í austurenda svæðisins. Grafirnar eru óreglulegar og að miklu leyti grónar. Þar sem þær eru dýpstar eru þær um 1 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SÞ-110:059 gata leið 65°51.332N 17°52.278V



Gata á leið 059, horft til suðurs

Gróin gata liggur um Hólsbrekku á milli Geithóls [sjá 109:007] og Lynghóls, á merkjum milli Garðs og Ytri Hóls. Gatan er um 100 m vestan við garðlag 068 og 10 m austan við kolagröf 060. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur yfir leiðina og telst hún því í stórhættu vegna framkvæmda.
Gatan liggur um grunnt skarð í móa sem vaxinn er lyngi og fjalldrapa.
Leiðinni var fylgt á 180 m löngum kafla þar sem hún liggur til suðurs frá Klaufarlæk og stefnir að túni á Ytri Hóli. Víðast sést aðeins ein gróin gata á leiðinni sem er grunn og mjó en á köflum hefur hún grafist niður og er allt að 1 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Nærri lækjargilinu liggur vegarslóði þvert yfir götuna. Tvær mjóar götur liggja af leiðinni til norðvesturs og yfir garð 061. Óljóst er hvort það eru fjárgötur eða hluti af leiðinni sem greinist þarna. Líklega hefur þessi leið legið á milli Ytri-Hóls og Garðs eins og leið 109:008.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:060 gryfja kolagröf
65°51.331N 17°52.296V
Allstór kolagröf er litlu norðan við merkin á milli Garðs og Ytri Hóls, um 10 m vestan við leið 059. Hún er 9 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.



Kolagröf 060, horft til vesturs

Kolagröfin er í aflíðandi halla til vesturs í þýfðum móa sem vaxinn er lyngi og fjalldrapa. Kolagröfin er vel greinileg þó að hún sé vel gróin. Hún er um 1,5 m í þvermál innanmáls og 0,5 m á dýpt. Umhverfis hana er jarðvegskragi sem er 1,5-2 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Í heild er mannvirkið því 4,5x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mjó renna liggur úr gröfinni til norðvesturs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:061 garðlag 65°51.361N 17°52.303V



Hluti af garðlagi 061 þar sem vegarslóði liggur yfir hann, horft til norðvesturs

Fornlegur garður liggur frá Klaufalræk að Stóru-Geitakofamýri [sjá 009] og er hann 340 m suðaustan við bæ 001, 60 m norðan við kolagröf 060 og 40 m norðvestan við leið 059. Garðurinn endar 28 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun. Hann er því utan helgunarsvæðis pípunnar. Ekki er hins vegar útilokað að garðurinn haldi áfram inn á helgunarsvæðið þó að hann sjáist ekki á yfirborði þar og telst hann því í hættu vegna framkvæmda.
Garðurinn liggur um tiltölulega flatlendan en þýfðan móa sem vaxinn er lyngi og fjalldrapa.
Garðurinn er 52 m að lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er útflattur og er 2-2,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ætla má að hann sé að mestu leyti torfhlaðinn. Garðurinn endar til norðausturs við gil Klaufarlækjar og til suðvesturs endar hann við grasi vaxið svæði í jaðri Stóru-Geitakofamýri. Nærri norðausturenda liggur vegarslóði yfir garðinn og tvær mjóar götur liggja einnig í gegnum hann, sjá leið 059. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn gegndi en líklegt er að um fornan vörslugarð sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:062 garðlag 65°51.349N 17°52.200V



Garðlag 062, horft til norðausturs

Ógreinilegt fornlegt garðlag er neðarlega í brekku austan við garðlag 061 og gætu þau hafa tengst. Gata liggur meðfram garðinum að suðaustanverðu og eru mörk hans hann skýrari á þeirri hlið. Gatan er óregluleg og virðist vera fjárgata. Garðurinn er 4 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og teljast minjarnar því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðurinn er í þýfðum móa þar sem vex lyng og fjalldrapi.
Garðurinn er genginn í púfur og er fremur ógreinilegur. Hann liggur norðaustur-suðvestur og er 43 m á lengd. Í norðausturenda hættir garðurinn að sjást við vegarslóða við Klaufarlæk og í suðvesturenda fjarar garðurinn út og hverfur í þýfi nærri

leið 059. Garðurinn er líklega torfhlaðinn og er 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er útlokað að þessi garður tengist garði 060 og að saman hafi þeir myndað gerði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:063 gryfja kolagröf 65°51.317N 17°51.523V



Kolagröf 063, horft til norðvesturs

Kolagröf er 820 m suðaustan við bæ 001, vestan undir Sjónarhóli, nærri merkjum á milli Garðs og Ytri Hóls. Kolagröf 064 er fast sunnan við hana og fleiri kolagrafir sem skráðar voru 2016 eru norðvestan og suðaustan við þær. Hún er 18 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er í aflíðandi brekku í móa sem er vaxinn lyngi og fjalldrapa.
Kolagröfin er 1,2x1 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Lítt greinanlegur jarðvegskragi er í kringum hana. Gröfin er 0,3 m á dýpt og er öll vaxin sama gróðri og er í kringum hana.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:064 gryfja kolagröf 65°51.314N 17°51.525V



Kolagröf 064, horft til norðvesturs

Kolagröf er 820 m suðaustan við bæ 001, vestan undir Sjónarhóli, nærri merkjum á milli Garðs og Ytri Hóls. Kolagröf 063 er fast norðan við hana og fleiri kolagrafir sem skráðar voru 2016 eru norðvestan og suðaustan við þær. Hún er 11 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.
Kolagröfin er í aflíðandi brekku í móa sem er vaxinn lyngi og fjalldrapa.
Kolagröfin er mjög greinileg og er rúmlega 1 m í þvermál innanmáls. Hún er 0,5 m á dýpt og er skýr jarðvegskragi í kringum hana. Gröfin er vel gróin og vaxin sama gróðri og er í kringum hana en í botni hennar er minna um lyng og fjalldrapa og meira af grasi og mosa. Renna liggur úr henni til suðausturs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:065 gryfja kolagröf 65°51.310N 17°51.480V
Tvær kolagrafir eru þétt saman 860 suðaustan við bæ, vestan undir Sjónarhóli, nærri merkjum á milli Garðs og Ytri Hóls. Þær eru skráðar saman undir einu númeri og eru 33 m suðvestan við kolagröf 066 og 30 m suðaustan við kolagrafir 063 og 064. Kolagrafirnar er 7 m norðan við miðlínu fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun og telstjast því í stórhættu vegna framkvæmda.



Kolagrafir 065, horft til norðvesturs

Kolagrafirnar eru í aflíðandi brekku í móa sem er vaxinn lyngi og fjalldrapa.
Kolagrafirnar ná yfir svæði sem er um 7x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustari gröfin A er 0,5-0,6 m á dýpt og um 1 m í þvermál. Renna er úr henni til suðausturs. Á milli kolagrafanna eru 1,5 m. Suðvestari gröfin B er einnig um 1 m í þvermál en litlu grynnri, eða 0,3-0,4 m á dýpt. Greinilegur jarðvegskragi er í kringum grafirnar. Þær eru vel grónar og vaxnar sama gróðri og er í kringum þær en í botni þeirra er aðeins gras og mosi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-110:068 garðlag vörslugarður 65°51.303N 17°52.124V



Vörslugarður 068, horft til norðvesturs

Fremur unglegur garður liggur til NNV frá garði 109:039 í landi Ytri Hóls. Garðurinn er 30 m norðaustan við garðlag 062 og 320 m suðaustan við bæ 001. Miðlína fyrirhugaðrar þrýstipípu í tengslum við Hólsvirkjun liggur í gegnum garðinn og er hann því í stórhættu vegna framkvæmda.
Garðurinn liggur í brekku sem hallar til norðurs niður að Klofalæk og er hún vaxin fjalldrapa og lyngi. Vegarslóði liggur í gegnum garðinn á sama stað og Klofalækur rennur. Frá læknum liggur garðurinn í sveig um flatlent og mýrlent, grasi vaxið svæði, að skurði við ræktuð tún.
Garðurinn er 195 m á lengd og liggur NNV-SSA. Hann er að mestu torfhlaðinn og virðist ekki hafa verið hátt hlaðinn. Girðing er ofan á nánast öllum garðinum. Þar sem garðurinn liggur í brekku er vesturhlið hans víða illgreinanleg og er hæst 0,3 m. Austurhliðin er mun greinilegri og er 0,3-0,6 m á hæð. Þar hefur efni í garðinn verið stungið upp og þar hefur myndast talsvert djúp renna vegna leysingavatns sem runnið hefur meðfram garðinum. Eftir rásinni liggur fjárgata. Garðurinn er víðast 0,5-0,7 m á breidd. Á flatlendinu norðan við Klofalæk er garðurinn greinilegri en í brekkunni og þar er hann 0,3-0,5 m á hæð. Ælta má að garðurinn hafi gegnt hlutverki vörslugarðs.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SÞ-631 Fornleif á fl. en einni jörð

SÞ-631:019 *Gönguskarð* gata leið 65°51.054N 17°48.231V
Gömu leið liggur um Gönguskarð og segir svo í Sýslu- og sóknalýsingu fyrir Þingeyjarsýslur: "Gegnum þann fjallgarð liggur svonefnt Gönguskarð til Köldukinnar [...] Yfir skarðið liggur ferðavegur manna til og frá." Þá segir í bókinni Lýsing Þingeyjarsýslu I: "Áður fyrr var mikil umferð um Gönguskarð, m.a. farnar skreiðarferðir úr austursveitum til Höfðahverfis vetur og sumar. Jafnan var þá áning eða gisting í Garði. Páll G. Jónsson var annálaður fyrir greiðasemi við menn og fénað, og þágu Kinnungar oft af honum góðan beina vegna fjársamgangna yfir fjallið." Vörðuð leið liggur frá Garði 110:001 niður að Hólsá og yfir Gönguskarð í Köldukinn í Aðaldal. Leiðin er sýnd á Uppdrætti Íslands 72 frá 1936. Stór hluti leiðarinnar Fnjóskadalsmegin var skráður þegar áhrifasvæði mannvirkja fyrirhugaðrar virkjunar í Hólsá voru tekin út árið 2012 og aftur 2016. Á leiðinni voru skráðar götur á löngum kafla frá Garði SÞ-110 inn í Gönguskarð og 13 vörður. Hluti leiðarinnar var áður skráður undir númerinu 110:056. Miðlína vegar og þrýstipípu liggja yfir göturnar á köflum. Varða O er austast í Garðsklaufinni eða þar sem komið er upp úr henni og liggur fyrirhugaður vegur fast norðan við hana. Varða H er 11 m norðan við miðlínu þrýstipípu, varða I er 20 m norðan við miðlínu vegar og þrýstipípu og varða K er 25 m norðaustan við inntakslón stíflu í Gönguskarðsá. Þessar fjórar vörður eru í stórhættu vegna framkvæmda auk gatna á leiðinni. Varða J er 20 m norðan við miðlínu vegar og þrýstipípu, eins og varða I, en hún er norðan Gönguskarðsár og því engin hætta á því að henni verði raskað vegna framkvæmda. Aðrar vörður eru utan helgunarsvæða mannvirkja og teljast ekki í hættu.
Leiðin liggur um svæði sem er að miklu leyti gróinn lyngmói en víða eru rofsvæði, sérstaklega á hólkollum.



Á vinstri mynd er varða 019O, horft til VSV. Á hægri mynd er varða 019H, horft til norðvesturs. Báðar vörðurnar eru í stórhættu vegna framkvæmda við fyrirhugaða virkjun í Hólsá

Í þjóðsagnasafninu Gríma hin nýja eru tvær sagnir sem tengjast Gönguskarði. Heitir sú fyrri *Björn Oddsson og draugurinn*. Í Gönguskarði er talið reimt og er þar einn draugur nafngreindur, Jón, unglingspiltur sem þar varð úti um 1820 að talið er. Gerir hann ferðamönnum glettur ef hann getur. Eitt sinn var Björn nokkur Oddsson, lengst af búsettur í Kinn á ferð um skarðið seint um kvöld. Sér hann þá alltaf mann nokkuð á eftir sér. Björn hægir á sér en ekkert dregur saman með þeim því maðurinn gerir slíkt hið sama. Hann reynir að hlaupa en þá eykur maðurinn ferðina. Þá fóru að renna á Björn tvær grímur og þóttist hann vita hver þar væri á ferðinni. Óskaði hann draugsa norður og niður og tók síðan til fótanna og nam ekki staðar fyrr en austur í Skriðuhverfi.

Síðari sagan heitir *Siggusteinn.* Það bar til að kona að nafni Sigga og unglingspiltur frá Garði héldu af stað austur yfir skarðið um hávetur. Reynt var að letja þau fararinnar en Sigga sagði að ef hún rataði ekki í björtu, þá mundu fleiri gera það. Þannig fór að þau hrepptu byl og urðu úti undir stórum, stökum steini í miðju gilinu. Þar fundust þau löngu síðar og upp frá því var steinninn kallaður Siggusteinn. Eftir þetta fór mönnum að verða hættari við villum en ella í skarðinu og sérstaklega í kringum Siggustein, þar sem menn gátu þvælst í hringi án þess að átta sig. En aldrei verður hún neinum að meini. Gríma IV.

Minjar um leiðina sjást á svæði sem er um 3200x200 m að stærð og snýr VNV-ASA. Leiðinni var fylgt um Garðsklauf þar sem ein gata liggur utan í bröttum hlíðum þar til komið er upp úr klaufinni. Fast sunnan við mógrafir 058 eru göturnar hvað skýrastar en þar eru þær 1-4 saman á stuttum kafla á svæði sem er breiðast um 6 m. Göturnar eru 0,2 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt að innanmáli. Götur sjást einnig á Tungusporði austan við Hólsá og sunnan við Gönguskarðsá. Þær eru 3-6 saman á svæði sem er 5-20 m á breidd. Dýpstu göturnar eru 0,5 m á dýpt. Göturnar eru misbreiðar, 0,2-1 m á breidd. Vestasta varðan við leiðina er varða O sem er austan við Garðsklaufina. Hún er á gróðurlitlum melhól og liggur vegarslóði 10-15 m norðan við hana. Varðan er hrunin og er 1,3x1,3 m að stærð. Í henni er meðalstórt og lítið grjót og er megnið af því orðið jarðlægt. Varða C er 680 m suðaustan við vörðu O. Hún er ekki annað en grjótþúst sem er um 4 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Ekki er útilokað að þessi varða sé einnig á merkjum milli Ytri Hóls SÞ-109 og Garðs SÞ-110. Varða D er 170 m ASA við vörðu C. Varðan er hrunin. Hún er 3 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Grjótið er skófum vaxið og varðan gróin í botninn. Varða E er 160 m ASA við vörðu D. Varðan er stór grjóthrúga á að líta. Hún er um 3x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er 0,4 m á hæð en hún er hlaðin ofan á stórt bjarg og með því er hún 1 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Varða F er á eyri í





Á vinstri mynd er varða 019I, horft til norðvesturs. Á hægri mynd sjást götur á leiðinni, horft til suðausturs. Varðan og göturnar eru í stórhættu vegna framkvæmda við fyrirhugaða virkjun í Hólsá

Hólsá og er 210 m suðaustan við vörðu F. Hún er um 1,5 m í þvermál, 0,3 m á hæð. Varðan er hrunin en í henni má greina 2-3 umför hleðslu. Varða G er 220 m ASA við vörðu F. Varðan er um 2 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Enn sjást í henni tvö umför. Götur liggja neðan við hólinn, norðvestan við hana, og þar mætast götur og bílslóði. Varða N er 112 m suðaustan við vörðu G. Hún er 2x1,5 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Varðan er nánast alveg hrunin og grjótið í henni er að hverfa í gróður. Enn sjást þó 2-3 umför á norðvesturlanghlið og þar er hún 0,3 m á hæð.Varða H er 100 m suðaustan við vörðu N. Varðan er hrunin og er um 2 m í þvermál. Hún er um 0,5 m á hæð og í henni má enn greina 4 umför. Varða I er 385 m suðaustan við vörðu H. Varðan er gróin og skófum vaxin. Hún er um 2 m í þvermál en hrunið hefur úr henni til norðvesturs og er hún lengri í þá átt (0,5 m). Varðan er 0,7 m á hæð og sjást 4-5 umför

í henni. Hleðslur eru víðast fallnar en eru heillegastar á suðurhlið. Varða J er norðan við Gönguskarðsá og er 70 m ASA við vörðu I. Varðan er hrunin. Hún er um 2 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Í henni sjást enn óljóst 3 umför. Hrunið hefur úr vörðunni til norðurs. Varða K er á selstæði Þrengingasels 110:035 og 250 m austan við vörðu J. Hún er um 1,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1,1 m á hæð og í henni sjást fimm umför hleðslu. Varða L er sunnan við Gönguskarðsá og er 100 m austan við vörðu K. Varðan er um 1,5 m í þvermál og er 0,5 m á hæð. Hleðslur eru hrundar en þó má greina þrjú umför. Varðan er skófum vaxin. Varða M er 60 m austan við vörðu L. Varðan er um 2x2 m að stærð og er hlaðin á og við stórt bjarg. Mesta hleðsluhæð er 0,6 m. Hleðslan í vörðunni er hrunin en í henni sjást enn þrjú umför. Varðan er skófum vaxin. Leiðinni var ekki fylgt lengra til austurs
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: LÞ I, 170; SSÞ , 53, 56; Gríma IV, 176-177, 299-300; Uppdráttur Íslands 72

5. Niðurstöður

Alls var skráð 41 fornleif innan helgunarsvæðis Hólsvirkjunar á jörðunum Garði og Ytri Hóli í Fnjóskadal og eru þær allar skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda eins og fram kom í 3. kafla. Í fornleifaskránni er að auki garðlag 110:061 og er það skilgreint í hættu vegna framkvæmda. Sýnilegur hluti garðsins er rétt utan helgunarsvæðis þrýstipípu en mögulega er framhald af honum sem nær inn á helgunarsvæðið en sést ekki á yfirborði. Þess ber að geta að í þremur tilvikum eru fjögur eða fleiri mannvirki skráð saman undir einu númeri. Það á við um tvö sel (109:026, 110:035) og eina varðaða leið (631:019).

Líkt og í fyrri úttekt vegna Hólsvirkjunar er hátt hlutfall minja á svæðinu sem engar heimildir voru um áður en farið var á vettvang. Aðeins voru heimildir um 5 af 42 fornleifum sem skráðar voru á vettvangi, eða 12%. Þessar tölur undirstrika mikilvægi þess að ganga skipulega yfir fyrirhuguð framkvæmdasvæði í leit að fornleifum.

Í töflu 1 má sjá lista yfir fornleifarnar 42 á svæðinu þar sem fram kemur tegund minja, hlutverk og ástand.

Tafla 1. Fornminjar á áhrifasvæði Hólsvirkjunar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
SÞ-109:008	Hólbrekka	gata	Leið	sést til
SÞ-109:026	Hólssel	tóftaþyrping	Sel	hleðslur signar
SÞ-109:028	Draflastaðasel	tóft	Sel	hleðslur signar
SÞ-109:033		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SÞ-109:034		vegur	Leið	sést til
SÞ-109:036		garðlag	Túngarður	hleðslur signar
SÞ-109:039		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SÞ-109:046		náma	Rista	sést til
SÞ-109:050		varða	samgöngubót	hleðslur signar
SÞ-109:051		tóft	Óþekkt	hleðslur signar
SÞ-109:052		tóft	Óþekkt	hleðslur signar
SÞ-109:056		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:058		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:059		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:060		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:061		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:062		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:063		gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:064		gata	Leið	sést til
SÞ-109:065		þúst	Óþekkt	sést til
SÞ-109:066		þúst	Óþekkt	sést til

SÞ-109:067		Tóft	Rétt	hleðslur signar
SÞ-109:068		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:069		tóft+garðlag	túngarður/ útihús	hleðslur standa
SÞ-109:070		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:071		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:072		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-109:073		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-110:035	Þrengingasel	Tóftir	Sel	hleðslur signar
SÞ-110:053		Náma	Mógrafir	sést til
SÞ-110:054		Þúst	Óþekkt	sést til
SÞ-110:055		Náma	Mógrafir	sést til
SÞ-110:058		Náma	Mógrafir	sést til
SÞ-110:059		Gata	Leið	sést til
SÞ-110:060		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-110:061		Garðlag	Óþekkt	hleðslur signar
SÞ-110:062		Garðlag	Óþekkt	hleðslur signar
SÞ-110:063		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-110:064		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-110:065		Gryfja	Kolagröf	sést til
SÞ-110:068		Garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
SÞ-631:019	Gönguskarð	Gata	Leið	sést til

Hlutverk skráðra fornleifa innan athugunarsvæðisins eru af ýmsu tagi og í töflu 2 má sjá hvernig fornleifarnar skiptast eftir hlutverki.

Tafla 2. Hlutverk fornleifa á áhrifasvæði mannvirkja Hólsvirkjunar

Hlutverk	**fjöldi**
kolagröf	16
leið	5
mógrafir	3
óþekkt	7
rétt	1
rista	1
samgöngubót	1
sel	3
túngarður	2
vörslugarður	3
Alls	**42**

Eins og sést í töflu 2 eru kolagrafir langalgengustu minjarnar á helgunarsvæði Hólsvirkjunar, en 16 kolagrafir voru skráðar innan þess. Þær fundust eingöngu á vestanverðu svæðinu, ofan í

Fnjóskadal, en engar kolagrafir eru á austanverðu svæðinu þar sem land hækkar og gróður minnkar. Þar er hins vegar nokkuð um mógrafir og torfristusvæði og voru skráðar þrjár mógrafir (110:053, 110:055. 110:058) og eitt torfristusvæði (109:046). Kolagrafir eru mjög víða í Fnjóskadal enda er svæðið þekkt fyrir rauðablástur sem krafðist mikils magns af kolum. Að líkindum verður erfitt eða ómögulegt að komast hjá því að raska einhverjum af kolagröfunum 16 við fyrirhugaðar framkvæmdir vegna þess hve þær eru þétt saman.

Fjöldi leiða var skráður á svæðinu og eru það algengustu minjarnar á eftir kolagröfum. Leiðir 109:008, 109:034 og 110:059 eru vestarlega á svæðinu. Leið 109:034 er líklega alfaraleið um sveitina en leiðir 109:008 og 110:059 liggja báðar um Hólbrekku og hafa svipaða stefnu. Ætla má að þær hafi legið á milli Garðs og Ytri Hóls. Umfangsmesta leiðin sem skráð var er leið 631:019 sem lá úr Fnjóskadal um Gönguskarð yfir í Köldukinn í Aðaldal. Stór hluti leiðarinnar hefur nú verið skráður; götum hefur verið fylgt á löngum köflum og skráðar hafa verið 13 vörður sem eru við leiðina. Vörðurnar eru margar hverjar mjög veglegar, sér í lagi austan við Hólsá, þó að hleðslurnar séu víðast fallnar að miklu leyti. Að auki var skráð óviss leið 109:064 sem liggur af leið 631:019 að Hólsseli 109:026 og áfram inn Hólsdal. Ef af framkvæmdum verður mun ekki verða hægt að komast hjá því að raska götum á þessum leiðum en það ætti að vera auðvelt að komast hjá því að raska vörðum við leið 631:019 sem teljast í stórhættu ef þær eru vel merktar og varúðar er gætt.

Sex garðlög voru skráð á helgunarsvæði Hólsvirkjunar en að auki er eitt garðlag sem er rétt utan þess. Í fornleifaskránni eru því sjö garðlög. Fjögur garðlög eru ungleg; tveir túngarðar (109:036, 109:069) og tveir vörslugarðar (109:039, 110:068). Þeir virðast vera frá byrjun 20. aldar en kunna að vera eldri í grunninn. Hin þrjú garðlögin eru allfornleg. Eitt þeirra er líklega vörslugarður (109:033) en hlutverk hinna tveggja er ekki þekkt (110:061, 110:062). Ekki er útilokað að saman hafi þeir myndað gerði. Ekki verður hægt að komast hjá raski á unglegu garðlögunum en það ætti að vera hægt að komast hjá því að raska sýnilegum hlutum fornlegu garðanna en af þeim er garðlag 110:062 í mestri hættu.

Austast á athugunarsvæði vegna Hólsvirkjunar er þétt seljabyggð. Þar eru fjögur sel á litlu svæði. Þrjú þeirra eru innan helgunarsvæðis mannvirkja Hólsvirkjunar. Þrengingasel 110:035[2] er innan helgunarsvæðis inntakslóns í Gönguskarðsá en þó 26 m utan við hæstu stöðu lónsins. Það sleppur því örugglega við rask ef öruggt er að vatnsborð lónsins hækki ekki umfram það sem gert er ráð fyrir á þeim teikningum sem lágu til grundvallar við fornleifakönnunina. Í Draflastaðaseli 109:028 var aðeins skráð ein seltóft en algengt er að þær séu fleiri saman.

[2] Þrengingasel var ranglega talið vera Skriðusel í skýrslu *FS601-12051*. Skriðusel 110:049 er um 800 m norðvestan við Þrengingasel.

Norðan við seltóftina er fornleg tóft 109:051 og yngri tóft 109:067 sem er líklega réttartóft. Ekki er ljóst hvert samband þeirra er við selið. Önnur fornleg tóft 109:052 er 60 m austan við Draflastaðasel. Hún er stór og þrískipt og gæti verið réttartóft. Veggir hennar eru ekki mjög breiðir sem bendir til þess að þeir hafi ekki verið mjög háir eða borið þak. Fyrirhugað er að þrýstipípa og vegur liggi yfir suðvesturenda tóftar 109:051. Til þess að komast hjá raski á tóftinni þarf að færa mannvirkin til suðurs en ljóst er að lítið svigrúm er til þess vegna nálægðar við Draflastaðasel. Hólssel 109:026 er umfangsmesta selið sem skráð var innan helgunarsvæðis Hólsvirkjunar. Þar eru níu tóftir en ein tóft bættist við þær átta sem skráðar voru árið 2012 þegar farið var aftur á vettvang í ágúst 2016. Svo virðist sem að tvö sel séu í Hólsseli. Fyrirhugað er að leggja veg í gegnum selstæðið að stíflu í Hólsá. Vegurinn mun ekki fara yfir neinar þekktar/sýnilegar tóftir í selinu og er mögulega hægt að komast hjá raski á minjunum ef ítrustu varúðar er gætt. Hins vegar mun vegurinn óhjákvæmilega raska þeirri minjaheild sem selið er.

Enn eru ónefndar þrjár þústir (109:065, 109:066, 110:054). Öruggt er að þúst 109:066 er manngerð og liggur fyrirhuguð þrýstipípa og vegur fast sunnan við hana. Ekki er jafnaugljóst að hinar tvær þústirnar séu manngerðar en það ætti að vera hægt að komast hjá raski á þeim. Varða 109:050 er líklega samgöngubót og kann að hafa varðað leið 109:064. Auðvelt ætti að vera að komast hjá því að raska henni ef fyllstu varúðar er gætt.

Þó að allar fornleifar innan helgunarsvæðis Hólsvikjunar séu skilgreindar í stórhættu er ljóst að þær minjar sem eru næst fyrirhuguðum mannvirkjum og innan inntakslóna eru í mestri hættu og þær sem eru í jaðri helgunarsvæðisins í minni hættu. Stór hluti minjanna sem skráður var innan helgunarsvæðisins er innan svokallaðs rasksvæðis sem skilgreint er af framkvæmdaraðilanum, Arctic Hydro. Ekki er gert ráð fyrir að neitt rask verði utan þess svæðis. Þrýstipípur hafa 30 m breitt rasksvæði, 15 m í hvora átt frá miðlínu. Vegir hafa 20 m breitt rasksvæði, 10 m í hvora átt frá miðlínu. Ekki verður eiginlegt rask meðfram lónum en til að alls öryggis sé gætt er gert ráð fyrir 15 m breiðu rasksvæði í kringum lónin. Rasksvæði í kringum stöðvarhús og stíflur er 50 m breitt. Af 42 skráðum fornleifum eru 28 fornleifar innan rasksvæðis og 14 fornleifar utan þess. Í töflum 3 og 4 má sjá hvaða minjar lenda í hvorum flokki.

Tafla 3. Skráðar fornleifar sem lenda innan rasksvæðis mannvirkja og lóna Hólsvirkjunar.

Samtala	**Sérheiti**	**Tegund**	**Hlutverk**
SÞ-109:008	Hólbrekka	gata	leið
SÞ-109:026	Hólssel	tóftaþyrping	sel

SÞ-109:033		garðlag	vörslugarður
SÞ-109:034		vegur	leið
SÞ-109:036		garðlag	túngarður
SÞ-109:039		garðlag	vörslugarður
SÞ-109:046		náma	rista
SÞ-109:051		tóft	óþekkt
SÞ-109:059		gryfja	kolagröf
SÞ-109:062		gryfja	kolagröf
SÞ-109:063		gryfja	kolagröf
SÞ-109:064		gata	leið
SÞ-109:066		þúst	óþekkt
SÞ-109:069		tóft+garðlag	túngarður/útihús
SÞ-109:070		gryfja	kolagröf
SÞ-109:071		gryfja	kolagröf
SÞ-109:072		gryfja	kolagröf
SÞ-109:073		gryfja	kolagröf
SÞ-110:053		náma	mógrafir
SÞ-110:055		náma	mógrafir
SÞ-110:058		náma	mógrafir
SÞ-110:059		gata	leið
SÞ-110:060		gryfja	kolagröf
SÞ-110:062		garðlag	óþekkt
SÞ-110:064		gryfja	kolagröf
SÞ-110:065		gryfja	kolagröf
SÞ-110:068		garðlag	vörslugarður
SÞ-631:019	Gönguskarð	gata	leið

Tafla 4. Skráðar fornleifar sem lenda <u>utan rasksvæðis</u> mannvirkja og lóna Hólsvirkjunar.

Samtala	**Sérheiti**	**Tegund**	**Hlutverk**
SÞ-109:028	Draflastaðasel	tóft	sel
SÞ-109:050		varða	samgöngubót
SÞ-109:052		tóft	óþekkt
SÞ-109:056		gryfja	kolagröf
SÞ-109:058		gryfja	kolagröf
SÞ-109:060		gryfja	kolagröf
SÞ-109:061		gryfja	kolagröf
SÞ-109:065		þúst	óþekkt
SÞ-109:067		tóft	rétt
SÞ-109:068		gryfja	kolagröf
SÞ-110:035	Þrengingasel	tóftir	sel
SÞ-110:054		þúst	óþekkt
SÞ-110:061		garðlag	óþekkt
SÞ-110:063		gryfja	kolagröf

Allar fornleifar eru friðaðar skv. lögum (sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012) og eru jafnréttháar. Minjar geta hins vegar verið misjafnlega merkar og má þar nefna minjar sem eru fágætar í héraði og/eða á landsvísu. Hér má líka nefna minjar eins og bæjarhóla, verstöðvar og sel þar sem fólk bjó eða hafðist tímabundið við. Á slíkum stöðum safnast upp mannvistarlög yfir tímann sem geta gefið ríkulegar og ómetanlegar upplýsingar um fortíðina. Tilhneiging hefur verið til að telja minjar merkari eftir því sem þær eru eldri en engin minjafræðileg rök styðja þá skoðun. Hafa verður þann fyrirvara við mat á gildi minja á helgunarsvæði Hólsvirkjunar að heildarskráning fornminja í Fnjóskadal hefur ekki verið gerð og því ekki vitað hversu margar minjar eru á svæðinu, hvers eðlis þær eru og í hvaða ástandi. Eins og fram kom í 3. kafla er það hlutverk Minjastofnunar að leggja mat á gildi fornleifanna sem skráðar voru innan helgunarsvæðis Hólsvirkjunar og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á fornleifar séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisaðgerða gæti þurft að grípa.

Heimildaskrá

BBSÞ: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. 1986. *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu, [án útgáfustaðar].

DI=ÍF: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Gríma IV: *Gríma hin nýja.* Safn þjóðlegra fræða íslenzkra. IV bindi. 1979. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Þingeyjarsýsla. XI bindi. Kaupmannahöfn, 1943.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

LÞ I: Jón Sigurðsson. 1954. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

Túnakort Garðs 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Ytri-Hóls 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur Íslands 72 : 1:100 000. Sótt 20. 03. 2016 af: http://islandskort.is/is/map/show/780

Ö-Garður, svör við sp.: Örnefnaskrá Garðs. Svör við spurningum. Ásrún Pálsdóttir frá Garði skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Garður: Örnefnaskrá Garðs. Garðar Björn Pálsson frá Garði skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Ytri Hóll: Örnefnaskrá Ytri Hóls. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn:


Benedikt Karlsson, Ytri Hóli, fæddur 11. 10. 1934.
Bergsveinn Jónsson, Sólvangi 1, fæddur 07. 10. 1945.


Hnitaskrá í ISN93


Samtala	Austur	Norður
SÞ-109:008	551507	595668
SÞ-109:026A	554135	594686
SÞ-109:026B	554179	594640
SÞ-109:026C	554157	594627
SÞ-109:026D	554085	594745
SÞ-109:026E	554080	594739
SÞ-109:026F	554121	594708
SÞ-109:026G	554170	594637
SÞ-109:026I	554116	594724
SÞ-109:028	554624	595332
SÞ-109:033	550984	595685
SÞ-109:034	550976	595687
SÞ-109:036	551573	595694
SÞ-109:039A	552120	595726
SÞ-109:039B	551630	595763
SÞ-109:046	553662	595484
SÞ-109:050	553713	595396
SÞ-109:051	554633	595372
SÞ-109:052	554703	595331
SÞ-109:056	551248	595807
SÞ-109:058	550742	595724
SÞ-109:059	550721	595737
SÞ-109:060	550713	595725
SÞ-109:061	550674	595724
SÞ-109:062	550642	595750
SÞ-109:063	550649	595731
SÞ-109:064A	553726	595310
SÞ-109:064B	554201	594263
SÞ-109:065	551564	595715
SÞ-109:066	554657	595367
SÞ-109:067	554651	595392
SÞ-109:068	550613	595770
SÞ-109:069A	551375	595125
SÞ-109:069B	551382	595072
SÞ-109:070	550620	595740
SÞ-109:071	550594	595748
SÞ-109:072	550570	595738
SÞ-109:073	550560	595759
SÞ-110:035A	555075	595341
SÞ-110:035B	555070	595336
SÞ-110:035C	555068	595344
SÞ-110:035D	555091	595352
SÞ-110:053	552781	595672
SÞ-110:054	552910	595715
SÞ-110:055	552933	595737
SÞ-110:058	552962	595767
SÞ-110:059	551536	595847
SÞ-110:060	551523	595845
SÞ-110:061	551516	595900
SÞ-110:062	551595	595879
SÞ-110:063	552112	595829
SÞ-110:064	552111	595822
SÞ-110:065A	552145	595816
SÞ-110:065B	552143	595815
SÞ-110:068A	551654	595795
SÞ-110:068B	551620	595894
SÞ-110:068C	551617	595901
SÞ-631:019A	554626	595387
SÞ-631:019B	554227	595483
SÞ-631:019C	553410	595570
SÞ-631:019D	553577	595559
SÞ-631:019E	553736	595536
SÞ-631:019F	553943	595492
SÞ-631:019G	554157	595443
SÞ-631:019H	554367	595398
SÞ-631:019I	554750	595357
SÞ-631:019J	554816	595347
SÞ-631:019K	555069	595334
SÞ-631:019L	555166	595335
SÞ-631:019M	555224	595333
SÞ-631:019N	554265	595415
SÞ-631:019O	552749	595735
SÞ-631:019P	552683	595766
SÞ-631:019Q	553053	595707

Kort af úttektarsvæði og fornleifum

Kort 1 - Yfirlit




Kort 2 - Vesturhluti
N
kolagrafir:
SÞ-109:071
SÞ-109:068
SÞ-109:073
SÞ-109:062
SÞ-109:059
SÞ-109:072
SÞ-109:058
SÞ-109:070
SÞ-109:060
SÞ-109:063
SÞ-109:061
SÞ-109:034 leið
SÞ-109:056 kolagröf
SÞ-109:033 vörslugarður
SÞ-110:061 garðlag
SÞ-110:068 vörslugarður
SÞ-110:062 garðlag
SÞ-110:060 kolagröf
SÞ-110:059 leið
SÞ-109:039 vörslugarður
SÞ-109:065 búst
SÞ-109:036 túngarður
SÞ-109:008 leið
SÞ-109:069 túngarður og útihús
SÞ-110:063 kolagröf
SÞ-110:065 kolagröf
SÞ-110:064 kolagröf
SÞ-631:019 gata
SÞ-110:058 mógrafir
SÞ-110:055 mógrafir
SÞ-631:019 varða O
SÞ-110:054 búst
SÞ-110:053 mógrafir
250
0
250
500
750
1000 m


Kort 3 - Austurhluti
N
SÞ-631:019 gata
SÞ-631:019 varða O
SÞ-110:053 mógrafir
SÞ-110:058 mógrafir
SÞ-110:055 mógrafir
SÞ-631:019 gata
SÞ-110:054 þúst
SÞ-631:019 varða C
SÞ-631:019 varða D
SÞ-631:019 varða E
SÞ-109:046 rista
SÞ-631:019 varða F
SÞ-631:019 gata
SÞ-631:019 varða G
SÞ-631:019 varða N
SÞ-631:019 varða H
SÞ-109:050 samgöngubót
SÞ-109:064 leið
SÞ-109:051 tóft
SÞ-109:067 rétt
SÞ-109:066 þúst
SÞ-110:035A-D Þrengingasel
SÞ-631:019 varða K
SÞ-631:019 varða J
SÞ-109:028 Draflastaðasel
SÞ-631:019 varða I
SÞ-109:052 tóft
SÞ-631:019 varða L
SÞ-631:019 varða M
Lónstæði í Gönguskarðsá
D
E
I
F
H
SÞ-109:026 Hólssel
A
B
C
G
SÞ-109:064 leið
Lónstæði í Hólsá
250
0
250
500
750
1000 m